

19. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 9. júní 2011, kl. 11.40 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Helgi Jóhannsson formaður, Kristján Hauksson, Sólrún Júlíusdóttir, Aðalsteinn Þór Arnarsson, Bergþór Morthens fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Valgerður Ósk Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta skólanefndarfundar

Formaður bar fundargerð síðasta fundar upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt.

2. Starfsmannaráðningar

Skólameistari gerði grein fyrir starfsmannaráðningum. Eftirtaldir einstaklingar hafa verið ráðnir:

Tryggvi Hrólfsson, enskukennsla,

Hjördís Finnbogadóttir, félagsgreinar,

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, námsráðgjöf og umsjón með starfsbraut,

Óliver Hilmarsson, náttúruvísindi,

Margrét Laxdal Bjarnadóttir, íslenska

Ida Margurite Semey, spænska

3. Starfsbraut

Lára kynnti vinnu við uppbyggingu á starfsbraut og flækju sem er komin upp vegna rangra upplýsinga um greiðslur með starfsbrautarnemendum. Í ljós hefur komið að greiðsla pr. nemenda er föst upphæð og lægri en greiðsla með öðrum nemendum og þetta truflar þær áætlanir sem gerðar höfðu verið nú þegar. Verið er að vinna að lausn á þessu máli, Lára ætlar að skrifa greinargerð um málið og senda í ráðuneyti.

4. Kosning formanns

Helgi Jóhannsson gaf kost á sér áfram sem formaður og var kosinn.

5. Niðurstöður náms á vormisseri

Skólameistari gerði grein fyrir að það var meira fall á vorönn en á haustönn og skoða þarf hvað veldur. Nokkrar umræður urðu um málið.

6. Kjarasamningar

Valgerður kynnti nýjan kjarasamning kennara.

7. Önnur mál

7.1 Fulltrúi kennara í skólanefnd

Bergþór sagði frá því að aðalmaður kennara (Bergþór) og varamaður (Valgerður) skipta um sæti næsta vetur.

7.2 Við lok fyrsta starfsárs MTR

Helgi Jóhannsson formaður lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er við hæfi nú í lok fyrsta starfsárs MTR að þakka skólameistara, aðstoðarskólameistara, kennurum, nemendum og öðru starfsfólki fyrir þetta viðburðaríka ár. Á undraskömmum tíma var nýjum menntaskóla komið á fót sem nú þegar hefur vakið mikla athygli útávið vegna fjölbreytileika náms og nýrra aðferða. Skólanefndin þakkar samstarfið, óskar öllum gleðilegs sumars og sjáumst fersk á nýju skólaári í haust.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði

Valgerður Ósk Einarsdóttir